
GREINARGERÐ MEÐ ENDURSKOÐUN SAMÞYKKTAR FYRIR INNKAUPARÁÐ REYKJAVÍKURBORGAR

INNGANGUR

Greinargerð þessi er sett til stuðnings nýjum samþykktum fyrir innkauparáð Reykjavíkurborgar. Henni er ætlað að skýra markmið og tilgang breytinganna og vera til hliðsjónar við túlkun samþykktarinnar í framkvæmd. Settar eru fram athugasemdir við þær greinar samþykktarinnar sem lagt er til að verði breytt og kemur þar fram hvaða breytingar eru lagðar til og röksemdir fyrir þeim. Lagt er til að þær greinar sem ekki er getið verði óbreyttar.

Í kjölfar nýlegrar skýrslu úttektarnefndar borgarstjórnar á stjórnkerfi og stjórnsýslu Reykjavíkurborgar (hér eftir nefnd úttektarskýrslan) var hafist handa við endurskoðun innkaupareglna Reykjavíkurborgar og samþykktar fyrir innkauparáð í samræmi við þær athugasemdir sem þar komu fram. Meðal þess sem var endurskoðað var eftirlitshlutverk innkauparáðs þar sem að mati úttektarnefndar þótti skorta á að innkauparáð fylgdist með því að innkaupastefnu og innkaupareglum væri fylgt við innkaup. Einnig var talið að á skorti að innkaupaskrifstofa kæmi upplýsingum og faglegru greiningu um innkaupin til stjórnenda og kjörinna fulltrúa og sinnti eftirlitshlutverki sínu. Þá taldi nefndin nokkuð skorta á að kjörnir fulltrúar sinntu skyldum sínum sem eftirlitsaðilar með því t.d. að kalla eftir upplýsingum um innkaupamál.

Þær breytingar sem nú eru lagðar til á samþykktum innkauparáðs miða að því að koma á virkara eftirlit með innkaupum Reykjavíkurborgar en einnig eru tillögur gerðar til samræmis við nýlegar lagabreytingar á lögum um opinber innkaup, skipulagsbreytingar í stjórnkerfi Reykjavíkurborgar og þegar gerðar breytingar á innkaupareglum Reykjavíkurborgar sem staðfestar voru í borgarráði 8. maí 2014.

ATHUGASEMDIR VIÐ EINSTAKAR GREINAR

I. KAFLI ALMENN ÁKVÆÐI

Um 1. gr.

Samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar hefur fengið nýtt númer 715/2013. Lög um opinber innkaup hafa fengið nýtt nr. 84/2007.

Um 2. gr.

Innkaupaverkefni Þjónustu og rekstrarsviðs eru nú á hendi innkaupadeildar fjármálaskrifstofu og breytist orðanotkun í samþykktinni allri miðað við þá stjórnskipulagsbreytingu.

Með breytingum á 2. gr. er brugðist við niðurstöðum úttektarskýrslunnar á þann hátt að innkaupadeild setur sér eftirlitsáætlun sem innkauparáð samþykkir. Til að bregðast við athugasemdum sem fram komu í úttektarskýrslunni er nánar kveðið á um eftirlitshlutverk innkauparáðs í 37. gr. innkaupareglanna.

Orðalagsbreytingarnar fela ekki í sér efnislega breytingar á eftirlitshlutverki innkauparáðs eða innkaupadeildar heldur er aðeins ætlað að skerpa á mismunandi hlutverki þeirra. Bent er á að í 37. gr. innkaupareglanna er gert ráð innkaupadeild geri eftirlitsáætlun þar sem skilgreint er með hverju á að hafa eftirlit og hvernig framkvæmd skuli háttáð.

Tillaga að nýrri 3. mgr. 2. mgr. er í samræmi við þegar gerðar breytingar á 4. mgr. 11. gr. innkaupareglna.

Um 3. gr.

Í d-lið 3. gr. er lagt til að innkauparáð taki ákvörðun um innkaupaaðferð ef ekki er um opið útboð er að ræða og samningur er áætlaður yfir viðmiðunarfjárhæðum um ákvörðunarvald innkauparáðs, sbr. 31. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar. Breytingin er lög til í samræmi við gildandi ákvæði 31. gr. innkaupareglanna.

Ákvæði g-liðar er í samræmi við 3. mgr. 13. gr. innkaupareglna þar sem innkauparáð tekur ákvörðun um hvort veitt verði undanþágu frá skyldu til að nota innkaupaferli í samræmi við önnur ákvæði 13. gr. innkaupareglna.

Með h-lið er svo tilgreind heimild innkauparáðs skv. 34. gr. innkaupareglna til að veita undanþágu frá skyldu til að rifta samningi í kjölfar gjaldþrots samningsaðila þegar málefnalegar ástæður eru fyrir hendi.

Um 4. gr.

Lögfræðiskrifstofa stjórnsýslu- og starfsmannasviðs nefnist nú embætti borgarlögmanns og er orðanotkun breytt til samræmis við þá stjórnkerfisbreytingu. Þá hefur umsögn innkaupadeildar hefur verið bætt við möguleika á umsögnum í ákvæðinu. Auk þess er nú

kveðið á um 20 daga kærufrest í stað fjögurra vikna til samræmis við ákvæði 39. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar.

Um 6. gr.

Breytingin felst í því að deildarstjóri innkaupadeildar ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana ráðsins í stað sviðsstjóra stjórnslu- og starfsmannasviðs og er sú breyting í takt við stjórnkerfisbreytingar og innkaupareglur.

Um 7. gr.

Breytingar á starfsheitum.

Um 8. gr.

Breyting á starfsheiti.

Reykjavík, 7. janúar 2015

Eypóra Kristín Geirsdóttir hdl.